

**Tilmæli 28/2015**

Fyrri númer:  
B 302/præsídiæt, C 2/2015

Fjallað um í:  
Forsætisnefnd

Fylgiskjal: Nefndarálit um  
ráðherranefndartillögu

Málsnúmer 15-00160-11

## **Fjárhagsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar 2016**

Með vísan til 45. og 56. gr. Helsingforssamningsins samþykkti Norðurlandaráð þann 29. október 2015 neðangreind tilmæli að tillögu forsætisnefndar.

Forsætisnefndin leggur til að Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

að Norræna ráðherranefndin kortleggi umhverfismerkingar, sem notaðar eru á ferðamannastaði í löndunum, og styðjist við niðurstöðurnar þegar hún leggur til áframhaldandi starf til eflingar á norrænum ferðamannastöðum;

að Norræna ráðherranefndin setji í forgang að fylgja eftir tillögum skýrslunnar *Climate changes and primary industries* innan ramma samþykkrar fjárhagsáætlunar;

að Norræna ráðherranefndin veiti 0,9 m.da. kr. til aðgerða undir Nýrri norrænni matargerð í fjárhagsáætlun 2016 (fjárliður 5-6420 Ný norræn matargerð). Auk þess er matargerð þáttur í kynningaráætluninni um Norðurlönd 2016.

að norrænt samstarf leggi áherslu á aðgerðir gegn matarúrgangi með fé frá m.a. Grænum hagvexti og NordBio-áætluninni en samanlagt verði 2,5 m.da. kr. til ráðstöfunar 2016;

að norrænt samstarf um byggðapróun setji í forgang enn sem fyrr starf að sjálfbærri efnahagsþróun á strjálbýlum svæðum;

að 3.160.000 da. kr. renni til Nordjobb 2016. Nordjobb á að meta 2016.

að norrænt samstarf á sviði atvinnulífs 2016 leggi áherslu á nýstárlegar, stafrænar lausnir sem undirstöðu framleiðslu á Norðurlöndum;

að 1 m.da.kr. í fjárhagsáætlun 2016 renni til Norrænu blaðamannamiðstöðvarinnar (NJC) til sérlegra verkefna svo sem

stefnumótun varðandi vandaða blaðamennsku á Norðurlöndum og aukinn sýnileika Norðurlanda. Til viðbótar er gert ráð fyrir því að hluti fjárveitingarinnar fari til starfsemi í Rússlandi/Eystrasaltsríkjunum.

Norðurlandaráð

að sem lið í því að setja í forgang þróun betri aðferða til hagnýtingar á læknisfræðilegum rannsóknum verði tekinn saman á árinu 2016 þekkingargrunnur fyrir Norrænu ráðherranefndina um lífsýnabanka, gagnagrunnsrannsóknir og klínískar fjölsetrarannsóknir ásamt forsendum fyrir stefnumótun þar að lútandi, eigi síðar en júní 2016;

**Tilmæli 28/2015**

Fyrri númer:  
B 302/præsídiet, C 2/2015

að vinnumálasviði verði hlíft við sparnaði 2016. Gerð verði forrannsókn á því hvernig ungmenni (undir þrítugu) öðlast tungumálaskilning á vinnutengdum aðstæðum.

Fjallað um í:  
Forsætisnefnd

að ráðist verði í verkefnið „Útivistarlíf á Norðurlöndum“ með heildarfjárveitingu sem nemur 500.000 da. kr. Verkefnið á að efla áhuga barna og ungmenna á útivistarlífi og náttúrunni. Þannig á að stuðla að aukinni hreyfingu og bæta heilsu barna og ungmenna.

Fylgiskjal: Nefndarálit um  
ráðherranefndartillögu

Málsnúmer 15-00160-11

að Norræni sumarháskólinn verði færður (skipulagslega og í fjárhagsáætlun) úr ráðherranefndinni um menntamál og rannsóknir (MR-U) til samstarfsráðherranna (MR-SAM) og sömu upphæð og fjárveiting ársins 2015 nam verði veitt til frekari þróunar og framhalds á starfseminni. Forsenda þessa er að Norræni sumarháskólinn taki í framhaldinu mið af gagnrýni og tillögum matsskýrslunnar;

að veittar verði 3,758 m.da. kr. til Samaráðsins og Samíska listamannaráðsins til menningarsamstarfs Sama og miðlun þess, ennfremur að efla heildarstefnu í menningarmálum á Norðurlöndum og í Norðvestur-Rússlandi;

að taka frá hæfilega upphæð til eflingar á fjölbreytilegri norrænni menningu í skólum í breiðri merkingu orðsins. Það er meðal annars gert með því að kynna lyftistöng fyrir barna- og unglingsbókmenntir með heimsóknum rithöfunda, vinnu með netdreifingu á stutt- og heimildakvikmyndum og með áætluninni Lýðræði, aðlögun og öryggi.

að Norræna ráðherranefndin tilgreini betur baráttuna gegn ónægum bakteríum með stefnumótunarhópi um heildarhugsun eða svonefnda One Health-nálgun í þverfaglegu samstarfi;

að Norræna ráðherranefndin setji í forgang að dregið verði úr efnun og hormónatruflandi áhrifavöldum í daglegu lífi fólks með því að auka fræðslu um áhrif þeirra á fólk og umhverfi. Norræna ráðherranefndin á að beita sér í ýmsu alþjóðlegu starfi sem miðar að því að fækka efnun og hormónatruflandi áhrifavöldum í daglegu lífi fólks. Auk þess hyggst Norræna ráðherranefndin efla aðgerðir á næsta ári til þess að upplýsa neytendur á Norðurlöndum;

að það gerist með því að efla sameiginlegar norrænar aðgerðir með breiðri þverfaglegri áætlun um að sporna gegn mansali í hvaða mynd sem það birtist;

að við framkvæmd nýrrar stefnu í málefnum barna og ungmenna á Norðurlöndum verði tekið tillit til þarfar á að efla áherslu á réttindi barna og ungmenna í norrænu samstarfi;

að öll samstarfssvið Norrænu ráðherranefndarinnar taki tillit til samþættingar jafnréttissjónarmiða í öllu sínu starfi. Í því felst að öll samstarfssvið, ekki aðeins ráðherranefndarinnar um jafnréttismál, eigi að samþætta jafnréttissjónarmið í öllum pólitískum ákvörðunum.

að Norræna ráðherranefndin, eftir lokun Norræna lýðheilsuháskólans (NHV), setji í forgang fjárveitingar til nýrra aðgerða til forvarna og lýðheilsu;

að Norræna ráðherranefndin taki það skref að leggja áherslu á kynningarstarf um Norðurlönd á grannsvæðum og landamærasvæðum, þar á meðal að skoða með opnum hug að fjármögnuð verði margra ára verkefni á upplýsingaskrifstofunni í Flensborg og hjá norrænu sendiráðunum í Berlín, og skoði jafnframt tillöguna um eitt Norrænt hús til viðbótar, þar á meðal hvernig hugtakið er notað;

að Norræna ráðherranefndin geri grein fyrir því hvaða afleiðingar það hefur á skrifstofurnar í Eystrasaltsríkjunum að starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar í Rússlandi leggist niður.

Kaupmannahöfn, 4. nóvember 2015

*Höskuldur Þórhallsson*

Forseti Norðurlandaráðs

*Britt Bohlin*

Framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs

Norðurlandaráð

**Tilmæli 28/2015**

Fyrri númer:  
B 302/præsídiet, C 2/2015

Fjallað um í:  
Forsætisnefnd

Fylgiskjal: Nefndarálit um  
ráðherranefndartillögu

Málsnúmer 15-00160-11

## FYLGISKJAL

Nefndarálit forsætisnefndarinnar um

# Fjárhagsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar 2016

## 1. Tillaga forsætisnefndar

Forsætisnefndin leggur til að Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

að Norræna ráðherranefndin kortleggi umhverfismerkingar, sem notaðar eru á ferðamannastaði í löndunum, og styðjist við niðurstöðurnar þegar hún leggur til áframhaldandi starf til eflingar á norrænum ferðamannastöðum;

að Norræna ráðherranefndin setji í forgang að fylgja eftir tillögum skýrslunnar *Climate changes and primary industries* innan ramma samþykkrar fjárhagsáætlunar;

að Norræna ráðherranefndin veiti 0,9 m.da. kr. til aðgerða undir Nýrri norrænni matargerð í fjárhagsáætlun 2016 (fjárliður 5-6420 Ný norræn matargerð). Auk þess er matargerð þáttur í kynningaráætluninni um Norðurlönd 2016.

að norrænt samstarf leggi áherslu á aðgerðir gegn matarúrgangi með fé frá m.a. Grænum hagvexti og NordBio-áætluninni en samanlagt verði 2,5 m.da. kr. til ráðstöfunar 2016;

að norrænt samstarf um byggðapróun setji í forgang enn sem fyrr starf að sjálfbærri efnahagsþróun á strjálbýlum svæðum;

að 3.160.000 da. kr. renni til Nordjobb 2016. Nordjobb á að meta 2016.

að norrænt samstarf á sviði atvinnulífs 2016 leggi áherslu á nýstárlegar, stafrænar lausnir sem undirstöðu framleiðslu á Norðurlöndum;

að 1 m.da.kr. í fjárhagsáætlun 2016 renni til Norrænu blaðamannamiðstöðvarinnar (NJC) til sérlegra verkefna svo sem stefnumótun varðandi vandaða blaðamennsku á Norðurlöndum og aukinn sýnileika Norðurlanda. Til viðbótar er gert ráð fyrir því að hluti fjárveitingarinnar fari til starfsemi í Rússlandi/Eystrasaltsríkjunum.

að sem lið í því að setja í forgang þróun betri aðferða til hagnýtingar á læknisfræðilegum rannsóknum verði tekinn saman á árinu 2016 þekkingargrunnur fyrir Norrænu ráðherranefndina um lífsýnabanka, gagnagrunnsrannsóknir og klínískar fjölsetrarannsóknir ásamt forsendum fyrir stefnumótun þar að lútandi, eigi síðar en júní 2016;

að vinnuálagi verði hlíft við sparnaði 2016. Gerð verði forrannsókn á því hvernig ungmenni (undir þrítugu) öðlast tungumálaskilning á vinnutengdum aðstæðum.

að ráðist verði í verkefnið „Útivistarlíf á Norðurlöndum“ með heildarfjárveitingu sem nemur 500.000 da. kr. Verkefnið á að efla áhuga barna og ungmenna á útivistarlífi og náttúrunni. Þannig á að stuðla að aukinni hreyfingu og bæta heilsu barna og ungmenna.

Norðurlandaráð

## Tilmæli 28/2015

Fyrri númer:  
B 302/præsídiet, C 2/2015

Fjallað um í:  
Forsætisnefnd

Fylgiskjal: Nefndarálit um  
ráðherranefndartillögu

Málsnúmer 15-00160-11

að Norræni sumarháskólinn verði færður (skipulagslega og í fjárhagsáætlun) úr ráðherra nefndinni um menntamál og rannsóknir (MR-U) til samstarfsráðherranna (MR-SAM) og sömu upphæð og fjárveiting ársins 2015 nam verði veitt til frekari þróunar og framhalds á starfseminni. Forsenda þessa er að Norræni sumarháskólinn taki í framhaldinu mið af gagnrýni og tillögum matskýrslunnar;

Norðurlandaráð

## Tilmæli 28/2015

Fyrri númer:  
B 302/præsídiet, C 2/2015

Fjallað um í:  
Forsætisnefnd

Fylgiskjal: Nefndarálit um  
ráðherra nefndartillögu

Málsnúmer 15-00160-11

að veittar verði 3,758 m.da. kr. til Samaráðsins og Samíska listamannaráðsins til menningarsamstarfs Sama og miðlun þess, ennfremur að efla heildarstefnu í menningarmálum á Norðurlöndum og í Norðvestur-Rússlandi;

að taka frá hæfilega upphæð til eflingar á fjölbreytilegri norrænni menningu í skólum í breiðri merkingu orðsins. Það er meðal annars gert með því að kynna lyftistöng fyrir barna- og unglingsbókmenntir með heimsóknum rithöfunda, vinnu með netdreifingu á stutt- og heimildakvikmyndum og með áætluninni Lýðræði, aðlögun og öryggi.

að Norræna ráðherra nefndin tilgreini betur baráttuna gegn ónægum bakteríum með stefnumótunarhópi um heildarhugsun eða svonefnda One Health-nálgun í þverfaglegu samstarfi;

að Norræna ráðherra nefndin setji í forgang að dregið verði úr efnum og hormónatruflandi áhrifavöldum í daglegu lífi fólks með því að auka fræðslu um áhrif þeirra á fólk og umhverfi. Norræna ráðherra nefndin á að beita sér í ýmsu alþjóðlegu starfi sem miðar að því að fækka efnum og hormónatruflandi áhrifavöldum í daglegu lífi fólks. Auk þess hyggst Norræna ráðherra nefndin efla aðgerðir á næsta ári til þess að upplýsa neytendur á Norðurlöndum;

að það gerist með því að efla sameiginlegar norrænar aðgerðir með breiðri þverfaglegri áætlun um að sporna gegn mansali í hvaða mynd sem það birtist;

að við framkvæmd nýrrar stefnu í málefnum barna og ungmenna á Norðurlöndum verði tekið tillit til þarfar á að efla áherslu á réttindi barna og ungmenna í norrænu samstarfi;

að öll samstarfssvið Norrænu ráðherra nefndarinnar taki tillit til samþættingar jafnréttissjónarmiða í öllu sínu starfi. Í því felst að öll samstarfssvið, ekki aðeins ráðherra nefndarinnar um jafnréttismál, eigi að samþætta jafnréttissjónarmið í öllum pólitískum ákvörðunum.

að Norræna ráðherra nefndin, eftir lokun Norræna lýðheilsuháskólans (NHV), setji í forgang fjárveitingar til nýrra aðgerða til forvarna og lýðheilsu;

að Norræna ráðherra nefndin taki það skref að leggja áherslu á kynningarstarf um Norðurlönd á grannsvæðum og landamærasvæðum, þar á meðal að skoða með opnum hug að fjármögnuð verði margra ára verkefni á upplýsingaskrifstofunni í Flensborg og hjá norrænu sendiráðunum í Berlín, og skoði jafnframt tillöguna um eitt Norrænt hús til viðbótar, þar á meðal hvernig hugtakið er notað;

að Norræna ráðherra nefndin geri grein fyrir því hvaða afleiðingar það hefur á skrifstofurnar í Eystrasaltsríkjunum að starfsemi Norrænu ráðherra nefndarinnar í Rússlandi leggist niður.

## 2. Forsaga

### Um ferlið

Fjárhagsáætlunarferlið 2015 hefur einkennst af umbótastarfinu og breytingum á samstarfsformum Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar.

Forsætisnefndin ákvað í janúar 2015 að leggja fjárhagshópin niður en hann sá um að undirbúa fjárhagsáætlunina áður en hún kom á borð forsætisnefndarinnar. Í janúar tók forsætisnefndin sjálf að sér undirbúning á fjárhagsáætluninni enda var fjárhagshópurinn skipaður 7 af 13 fulltrúum í forsætisnefnd og skapaði það tvíverknað í starfi og á fundum. Fyrst í fjárhagshópnum og síðan í forsætisnefnd. Þar við bættist sameiginleg ósk í umbótaskópi Norðurlandaráðs um að hleypa pólitík í starf forsætisnefndarinnar og að veita flokkahópunum aukna ábyrgð.

Þrátt fyrir að forsætisnefndin hafi tekið við samningaviðræðum um fjárhagsáætlunina var enn þörf á því að flokkahóparnir tilnefndu fulltrúa sína sem tækju þátt í viðræðunum. Talsmennirnir um fjárhagsáætlun og forsetinn skyldu vera viðræðuaðilar Norrænu ráðherranefndarinnar þegar samið yrði um endanlega fjárhagsáætlun.

Þá er Norræna ráðherranefndin í miðju nútímavæðingarferli sem hefur auðveldað Norðurlandaráði að koma að fjárhagsáætlunarferlinu. Það nýja var að Norðurlandaráð fundaði með Carsten Hansen, samstarfsráðherra Dana, áður en ráðherranefndin lagði fram leiðbeiningar sínar um fjárhagsáætlun (skiptingu fjárveitinga milli sviða) í janúar 2015.

Auk þess voru fyrirhugaðir fundir með formennsku ráðherranefndarinnar í júní 2015 en þeir voru afboðaðir vegna þingkosninga í Danmörku. Nýr samstarfsráðherra tók við embætti í júlí en sagði af sér í september. Norðurlandaráð hefur þannig átt viðræður við þrjá ólíka samstarfsráðherra Danmerkur á árinu 2015.

Fundir og samningaviðræður við ráðherrann um fjárhagsáætlunina voru þó haldnir um miðjan ágúst eins og venjan var, það er um leið og flokkahóparnir höfðu sent inn breytingatillögur sínar.

2. október 2015 tókst að semja um endanlega fjárhagsáætlun. Þar funduðu Höskuldur Þórhallsson (forseti úr flokkahópi miðjumanna) og Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir (úr flokkahópi jafnaðarmanna) með Peter Christensen, samstarfsráðherra Danmerkur. Samkomulag náðist um framangreindan texta fjárhagsáætlunar.

Fyrir fundinn sendi skrifstofan þá tillögu að fjárhagsáætlun sem kynnt hafði verið á fundi forsætisnefndarinnar 9. september sl. í Ósló. Texti fjárhagsáætlunarinnar er málamiðlun sem aðilarnir hafa skuldbundið sig til þess að styðja.

Norðurlandaráð

### **Tilmæli 28/2015**

Fyrri númer:  
B 302/præsídiet, C 2/2015

Fjallað um í:  
Forsætisnefnd

Fylgiskjal: Nefndarálit um  
ráðherranefndartillögu

Málsnúmer 15-00160-11

28. október 2014	Forsætisnefndin ræðir fjárhagsáætlun ársins 2016 á fundi með samstarfsráðherrunum í Stokkhólmi.
21. janúar 2015	Fjárhagshópurinn fundar með samstarfsráðherra Danmerkur, Carsten Hansen.
27. janúar 2015	Forsætisnefndin leggur niður fjárhagshópin og hver flokkahópur tilnefnir talsmann sinn um fjárhagsáætlunina.
18. febrúar 2015	Samstarfsráðherrarnir (MR-SAM) samþykkja leiðbeiningar um gerð fjárhagsáætlunar (rammann).
10. júní 2015	Framkvæmdastjórinn sendir tillögu sína að fjárhagsáætlun 2016.
23. júní 2015	Forsætisnefndinni er kynnt tillaga framkvæmdastjórans að fjárhagsáætlun og afgreiðir hana á fundi sínum í Reykjavík.
Júnílok	<b><i>Vegna þingkosninga í Danmörku er fundur talsmanna flokkahópanna um fjárhagsáætlunina með danska samstarfsráðherranum afboðaður.</i></b>
Miður ágúst	Flokkahópar og nefndir skila breytingartillögum.
20. ágúst 2015	Talsmenn flokkahópanna um fjárhagsáætlunina funda og fara yfir breytingartillögur sem borist hafa.
21. ágúst 2015	Talsmenn um fjárhagsáætlun héldu fund með danska samstarfsráðherranum, Carl Holst.
9. september 2015	Forsætisnefndin ræðir fjárhagsáætlunartillögurnar og veitir Höskuldi Þórhallssyni og Ólínu Kjerúlf Þorvarðardóttur umboð til þess að semja fyrir hönd nefndarinnar um fjárhagsáætlunina.
2. október 2015	Höskuldur Þórhallsson og Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir eiga viðræður við danska samstarfsráðherrann og samkomulag næst um texta fjárhagsáætlunarinnar
27.-29. október 2015	Forsætisnefndin afgreiðir nefndarálit Norðurlandaráðs með það fyrir augum að það verði endanlega samþykkt á þinginu.

Norðurlandaráð

### Tilmæli 28/2015

Fyrri númer:  
B 302/præsídið, C 2/2015

Fjallað um í:  
Forsætisnefnd

Fylgiskjal: Nefndarálit um ráðherranefndartillögu

Málsnúmer 15-00160-11

Skrifstofan studdist við hugmyndir og tillögur flokkahópanna og nefndanna þegar hún vann ýmsar breytingartillögur og er komið til móts við sumar þeirra í texta samkomulagsins.

### Athugasemd við samkomulagið um fjárhagsáætlunina.

#### Matarsóun

Verkefnið er hafið og heldur áfram innan lífhagkerfisverkefnisins sem hófst 2014 og nefnt er í fjárveitingum til forgangsverkefna.

#### Ný norræn matargerð

Ný norræn matargerð er enn sem fyrr í fjárhagsáætluninni og er ennfremur liður í nýrri áætlun Norrænu ráðherranefndarinnar um alþjóðlega kynningu og markaðssetningu.

#### Nordjobb

Verið er að meta Nordjobb. Þegar úttektinni er lokið verður tekin afstaða til hugsanlegra breytinga á fjárveitingum.

#### Norræna blaðamannamiðstöðin

Í málamiðlunartextanum stendur óbreytt upphæð, 1 m.da. kr., eins og Norðurlandaráð og Norræna ráðherranefndin sömdu um 2014. Til viðbótar koma fjárveingar til starfsemi í Rússlandi/Eystrasaltsríkjunum.

### Meistaránámsáætlunin

Áætlunin er ekki ný af nálinni – eins og haldið var fram í breytingartillögum. Áætlunin hóf göngu sína 2007 en hefur nú fengið sjálfstæðan fjárlíð.

Norðurlandaráð

### Keppnisíbróttir og almenningsíbróttir

Fjárlíður með þessu nafni er ekki í fjárhagsáætlun ráðherranefndarinnar þar sem ekki reyndist stuðningur við hann. Þess í stað kom tillagan um útivistarlíf á Norðurlöndum.

### **Tilmæli 28/2015**

Fyrri númer:  
B 302/præsídiet, C 2/2015

### Tölvuleikjaáætlunin

Verkinu lýkur samkvæmt fyrri samkomulagi milli Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar. (Sumum verkefnum verður að ljúka til þess að önnur geti hafið göngu sína)

Fjallað um í:  
Forsætisnefnd

Fylgiskjal: Nefndarálit um  
ráðherranefndartillögu

### Norræna samíska kvikmyndastofnunin

Viðræður standa yfir og því er ekki tímabært að ákveða fjármögnunarleið.

Málsnúmer 15-00160-11

### Rafræn skrá

Athyglin beinist að Arjeplogsamningnum en hann verður ræddur á þingfundi og afgreiddur í velferðarnefnd og efnahags- og viðskiptanefnd. Í janúar 2016 tekur evrópskt skráningarkerfi til starfa.

### Verðlaunaafhendingar Norðurlandaráðs

Starfseminni er lýst ítarlega í árangurssamningi ársins 2016 og gert er ráð fyrir henni í fjárhagsáætluninni.

### Tungumálasamstarfið

Tillögu um að í tungumálasamstarfi um nágrannamálin sænsku, norsku og dönsku eigi einnig að taka tillit til samstarfs um finnskuna var hafnað með tilvísun til þess að norrænt samstarf færi fram á skandinavísku málunum.

### Alþjóðlegu skrifstofurnar

Einn flokkahópur lagði til að héðan í frá skyldi aðeins ein skrifstofa starfa í baltnesku löndunum. Tillögunni var hafnað í ljósi stöðu öryggis eftir að skrifstofunum í Rússlandi var lokað. Lokunin gerði það að verkum að starfsemi og vinnuálag jókst á skrifstofunum í Eystrasaltsríkjunum þar sem þær tóku við ýmsum verkefnum.

Þá er lagt til að opnuð verði skrifstofa í Brussel. Sú tillaga hentar ekki Norrænu ráðherranefndinni, en hins vegar Norðurlandaráði. Norðurlöndin eru öll með sendiskrifstofur í Brussel og hafa engar óskir um sameiginlega skrifstofu. Norðurlandaráð getur þó eflt samskipti sín við ESB með því að opna skrifstofu eða ráða og launa manneskju á skrifstofu ráðsins sem sjái um ESB-málefni. Sjá skýrslu Andreu Karlsson: „Norðurlönd og ESB öflugri saman – skýrsla um hvernig efla má tengslanet Norðurlandaráðs og Evrópuþingsins“.

## **3. Umsagnir**

Tillaga framkvæmdastjórans að fjárhagsáætlun var send til umsagnar hjá öllum flokkahópum, nefndum og fulltrúum Norðurlandaráðs. Höskuldur Þórhallsson (forseti úr flokkahópi miðjumanna) og Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir (úr flokkahópi jafnaðarmanna) studdust við breytingartillögur og forgangsröðun sem borist höfðu þegar þau sömdu fyrir hönd forsætisnefndar um endanlegar tillögur sem finna má í nefndarálitinu.



#### 4. Sjónarmið forsætisnefndarinnar

Forsætisnefndin hefur almennt áhyggjur af niðurskurði fjárveitinga um leið og ráðherrar og þingmenn óska eftir því að auka norrænt samstarf. Ráðherranefndin hefur skorið niður norrænar fjárveitingar um margra ára skeið. Norðurlandaráð er óánægt með þessa þróun og hefur áhyggjur af afleiðingum þessa fyrir samstarfið.

Forsætisnefndin hefur einnig áhyggjur af þeim gagnrýnu úttektum sem gerðar hafa verið á norrænu samstarfi og telur ástæðu til að taka þær alvarlega (Mat á Norræna sumaraháskólanum og Skýrsla um áhrif norrænna verkefna). Því ríkir ánægja með að Norræni sumaraháskólinn hafi verið færður frá ráðherranefndinni um menntamál og rannsóknir (MR-U) og sé nú á borði samstarfsráðherranna. Varðandi úttektir á norrænum verkefnum þá auglýsir forsætisnefndin eftir því að matsskýrslur verði vandaðri, að hinum mörgu verkefnum verði fylgt betur eftir og eftir meira gagnsæi.

Forsætisnefndin styður áherslur ráðherranefndarinnar á þverfaglegar aðgerðir, m.a. í umhverfis- og loftslagsmálum sem og nýjar samnorrænar aðgerðir til eflingar á lýðræði, aðlögun og öryggi með því að sporna gegn félagslegri útskúfun, öfgastefnu og trúarlegri mismunun. Þá er stuðningur við það að sett verði í forgang að fylgja eftir stefnumótandi úttekt á samstarfi í heilbrigðismálum (Könberg-skýrslunni).

Í samningaviðræðum við Norrænu ráðherranefndina setti forsætisnefndin fram ýmsar kröfur um breytingar á fjárhagsáætluninni. Norræna ráðherranefndin sá sér fært að koma til móts við flestar kröfurnar. Í öðrum tilvikum liggur fyrir rökstuðningur sem forsætisnefndin getur sætt sig við í fjárhagsáætlun ársins 2016. Það kemur þó ekki í veg fyrir að tillögurnar verði endurvaktar í fjárhagsáætlunarferli næsta árs.

Forsætisnefndin er meðvituð um að breytingar eiga sér stað á starfsháttum og ferlum hjá ráðinu jafnt og ráðherranefndinni. Báðir aðilar óska eftir pólitískari áherslum og þátttöku. Því hlakkar forsætisnefndin til betra ferlis við gerð fjárhagsáætlunar þar sem viðræður um fjárhagsáætlanir komandi ára hefjist fyrr en hingað til.

Reykjavík, 27. október 2015

*Arto Pirttilahti (cent)*

*Carl Haglund (sv)*

*Hans Wallmark (M)*

*Henrik Dam Kristensen (S)*

*Höskuldur Þórhallsson (F)*

*Juho Eerola (saf)*

*Marit Nybakk (A)*

*Michael Tetzschner (H)*

*Morten Løkkegaard (V)*

*Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir (A)*

*Phia Andersson (S)*

*Steingrímur J. Sigfússon (VG)*

*Wille Rydman (Saml)*

Norðurlandaráð

#### Tilmæli 28/2015

Fyrri númer:

B 302/præsídiet, C 2/2015

Fjallað um í:

Forsætisnefnd

Fylgiskjal: Nefndarálit um

ráðherranefndartillögu

Málsnúmer 15-00160-11